

**Ed. 12. Frumvarp til laga [12. mál]**

um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

**1. gr.**

Í stað „1%“ í 3. gr. laga nr. 74 28. maí 1969 um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 16. gr. þeirra laga, komi: 1.5%.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, m breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að vegna erfiðs fjárhags áhfnadeildar Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins beri brýna nauðsyn til að auka tekjur deildarinnar. Gert hefur verið ráð fyrir því, að tekjur deildarinnar nægðu fyrir útgjöldum hennar, en vegna undanfarinna erfiðleika í sjávarútvegi og nýrra kvaða, er á deildina hafa verið lagðar hefur hún þegar safnað skuldum enda er halli fyrirsjáanlegur að óbreyttu. Bætt afkoma sjávarútvegsins gerir kleift að bæta úr þessu og þarf Verðlagsráð sjávarútvegsins að gera ráð fyrir þessari hækkun við ákvörðun lágmarksverðs ferskfisks, er gildi frá 1. júní til 31. desember 1970.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

**1. gr.**

Í stað „1%“ í 3. gr. laga nr. 74 28. maí 1969 um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 16. gr. þeirra laga, komi: 1.5%.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 1. júní 1970.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

**Eggert G. Þorsteinsson.**